



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðis-
tölfræði

4. árg. 4. tölublað. Apríl 2010.

EFNI:

Fjöldi heilbrigðis-
starfsmanna
árið 2009

bls.
1

Tölur úr
heilsugæslunni
árið 2008

bls.
2

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Anna Björg Aradóttir
Matthías Halldórsson
Svanhildur Þorsteinsdóttir

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ HEILBRIGÐISTÖLFRÆÐISVIÐ

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

FJÖLDI HEILBRIGÐISSTARFSMANNA ÁRIÐ 2009

Á vef Landlæknisembættisins hafa nýjustu tölur yfir fjölda heilbrigðisstarfsmanna verið gefnar út. Í yfirlitinu er að finna tölur um fjölda í helstu heilbrigðisstéttum frá árinu 1981 fram til ársins 2009. Í töflunni er að finna upplýsingar um fjölda starfandi einstaklinga í lok hvers árs, fjölda útskrifaðra nema og fjölda útgefina starfsleyfa.

Fjöldi heilbrigðisstarfsmanna hefur haldist svipaður síðustu ár ef sjúkraliðar eru undanskildir. Þeim fjölgaði mikið síðustu 2 ár, sem skýrist að hluta til af því að haustið 2006 var þeim sem orðnir voru 23 ára og höfðu að lágmarki 5 ára starfsreynslu gert kleift að ljúka sjúkraliðanámi á 2 árum á svokallaðri *sjúkraliðabru*. Í kjölfarið útskrifuðust um helmingi fleiri sjúkraliðar árið 2008 en fyrri ár. Sam-

kvæmt upplýsingum frá Sjúkraliðafélaginu skýrist aukningin einnig af því að eftir að efnahagskreppan skall á sneru margir sjúkraliðar aftur til starfa í heilbrigðisþjónustu úr öðrum störfum.

Nokkra fækkun er að merkja meðal starfandi hjúkrunarfræðinga árið 2009 og fjöldi starfandi lækna stendur nokkurn veginn í stað.


Tölum um heilbrigðisstarfsfólk er safnað af Landlæknisembættinu á ári hverju og þær sendar í ýmsa alþjóðagagnagrunna svo og til Hagstofu Íslands. Tölur um fjölda útskrifaðra nema eru fengnar úr Prófaskrá Hagstofu Íslands og tölur um fjölda einstaklinga sem fengið hafa leyfi til starfa í völdum greinum eru fengnar úr viðeigandi skráum hjá Landlæknisembættinu.

Tölur um fjölda starfandi heilbrigðisstarfsmanna eru að mestu fengnar frá viðkomandi fag- og stéttarfélagum. Fjöldi starfandi lækna og dýralækna er hins vegar reiknaður út frá Læknaskrá og Dýralæknaskrá Landlæknisembættisins. Þar er notuð sú nálgun að allir þeir sem fengið hafa leyfi, eru 70 ára og yngri og búsettir á Íslandi í árslok eru taldir vera starfandi. (Sjá töfluna [Heilbrigðisstarfsfólk 1981–2009](#))

Læknaskrá

Starfsgreinaskrár Landlæknisembættisins geyma upplýsingar um þá einstaklinga sem fengið hafa starfsleyfi í viðkomandi starfsgrein. Fjórar slíkar skrár eru færðar hjá embættinu, Læknaskrá, Hjúkrunarfræðingaskrá, Ljós-mæðraskrá og Tannlæknaskrá. Embættið hefur í hyggju að fjölga þessum skráum. Læknaskrá er elst starfs-


Starfandi læknar skv. Læknaskrá í árslok 1999,
aldurs- og kynjaskipting



Mynd 1

Landlæknisembættið 2010

Starfandi læknar skv. Læknaskrá í árslok 2009,
aldurs- og kynjaskipting



Mynd 2

Landlæknisembættið 2010

(Framhald bls. 2)


*Konum í læknastétt
hefur fjölgað
hlutfallslega meira
en körlum
á síðustu tíu árum.*

greinaskráa embættisins og geymir hún margvíslegar upplýsingar. Meðal annars er þar að finna upplýsingar um aldur lækna, kyn, sérgrein, ríkisfang og sveitarfélag lögheimilis.

Sé litið á aldurs- og kynjaskiptingu lækna með lækningaleyfi samkvæmt Læknaskrá árið 1999 og 2009 má sjá að konum í læknastétt hefur fjölgað hlutfallslega meira en körlum (sjá myndir bls. 1). Árið 1999 voru konur hlutfallslega færri í öllum aldurshópum, en árið 2009 hafði konum hins vegar fjölgað í öllum aldurshópum og þær orðnar hlutfallslega fleiri en karlar í þeim yngsta, eða 59,3% á móti 40,3% körlum.

Þegar aldursskipting árin 1999 og 2009 er skoðuð sérstaklega má sjá að hlutfallslega fleiri voru í efri aldurshópum árið 2009 en 1999 (mynd 3). Árið 1999 voru 21,8% starfandi lækna 55 ára og eldri en árið 2009 var þetta hlutfall komið í 35,2%. Meðalaldur allra starfandi lækna árið 1999 var 46,6 ár en 48,8 árið 2009.

Ljóst er að efnahagsþrengingar í þjóðfélaginu hafa áhrif á mönnun í heilbrigðiskerfinu en hversu mikið er erfitt að meta. Hvað



mönnun lækna snertir er það áhyggjuefni að ungir læknar muni e.t.v. fara fyrr til útlanda í sérnam en verið hefur síðastliðin ár. Það er einnig mögulegt að takmörkun á ráðningum, á sjúkrahúsum hafi þau áhrif að nýtt-skrifaðir sérfræðingar erlendis snúi ekki til landsins í sama mæli og áður. Slíkt gæti t.a.m. leitt til læknaskorts í ákveðnum fámennum sérgreinum en einnig leitt til skorts á sérfræðingum í heimilislækningum, sérstaklega á landsbyggðinni, þegar hækkandi meðalaldur starfandi heimilislækna er hafður í huga.

Svanhildur Þorsteinsdóttir

TÖLUR ÚR HEILSUGÆSLUNNI ÁRIÐ 2008

Landlæknisembættið hefur nú birt á vefsetri sínu frekari úrvinnslu á upplýsingum um heilsugæslu á Íslandi fyrir árin 2005–2008. Gögnin eru unnin úr *Samskiptaskrá heilsugæslunnar*, en hún geymir upplýsingar um öll skráð samskipti við heilsugæslustöðvar.

Viðtöl við lækna á hvern íbúa eftir heilbrigðisumdæmum

Heilbrigðisumdæmi	2005	2006	2007	2008*
Suðurnes	2,5	2,3	2,3	2,5
Höfuðborgarsvæðið	1,5	1,5	1,6	1,8
Vesturland	2,6	2,7	2,5	2,5
Vestfirðir	3,2	2,3	2,4	2,2
Norðurland	2,2	2,1	2,2	2,2
Austurland	2,4	2,0	2,6	2,8
Suðurland	3,3	3,4	2,5	3,2
Landið allt	1,9	1,9	1,9	2,1

* Árið 2008 bættust við tölur frá Læknavaktinni á höfuðborgarsvæðinu.

Samskiptum í heilsugæslunni er skipt í þrjá meginflokk, þ.e. viðtöl, vitjanir og símtöl. Lögð er áhersla á að skoða nánar skráð viðtöl við lækna þar sem ætla má að sú skráning sé í tiltölulega föstum og hefðbundnum skorðum og sé því hvað áreiðanlegust og best fallin til samanburðar milli tímabila. Viðtöl við lækna eru skilgreind sem komur til læknis á heilsugæslustöð.

Hingað til hafa aðeins verið birtar grunnupplýsingar úr Samskiptaskránni (sjá töfluna [Samskipti við heilsugæslustöðvar 2008. Tafla B 7.5](#)) þar er m.a. hægt að sjá hvernig viðtöl við lækna skiptust á hvern íbúa eftir heilbrigðisumdæmum, sbr. töfluna hér til hliðar. Árið 2008 voru viðtöl við lækna á heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu að meðaltali 1,8 á hvern íbúa, en viðtölin eru alla jafna færri þar en í heilbrigðisumdæmum á landsbyggðinni. Ástæður þessa eru m.a. þær að íbúar höfuðborgarsvæðisins eiga kost á að nýta sér ýmsa sérfræðiþjónustu sem minna framboð er af úti á landi.

Framhald bls. 3

*Skráð viðtöl
við lækna
á öllu landinu
voru liðlega
660.000
árið 2008.*

Heildarfjöldi skráðra viðtala við lækna á öllu landinu síðustu árin hefur verið um 600.000 og allt að 660.000 árið 2008. Við nánari skoðun á skráningu tilefna kom í ljós að tilefni voru skráð í um 75–85% viðtala á hverju ári. Í töflunni [Tilefni viðtala við lækna. Hlutfallsleg skipting 2005–2008](#) er hægt að skoða hvernig heildarfjöldi skráðra tilefna skiptist hlutfallslega eftir yfirflokkum ICPC-flokkunarkerfisins á fjögurra ára tímabili. Flest tilefni falla í flokkinn „Rannsóknir“ (20,9%) en næst á eftir kemur flokkurinn „Einkenni frá öndunarfærum“ (14%).


Sjúkdómsgreiningar í viðtölum við lækna eru skráðar samkvæmt ICD-10 flokkunarkerfinu (Alþjóðleg flokkun sjúkdóma og heilbrigðisvandamála) og voru sjúkdómsgreiningar skráðar í um 85–90% viðtala síðustu ár. Flestar sjúkdómsgreiningar voru skráðar í flokkinn „Sýkingar í öndunarvegum“ en tæplega 21% greininga féllu í þann flokk árið 2008. Næstalgengastar voru sjúkdómsgreiningar í flokknum „Bólusetningar, heilsu-

farsskoðanir og aðrar forvarnir“ (7,7%) og „Geðræn vandamál“ fylgdu fast á eftir með 7,6% greininga. Eins og gera má ráð fyrir er ákveðinn kynjamunur á sjúkdómsgreiningum sem skýrist af líffræðilegum þáttum. Þá eru sjúkdómsgreiningar í flokknum „Slys og áverkar“ talsvert algengari hjá körlum en konum. (Sjá töfluna [Sjúkdómsgreiningar skráðar í viðtölum við lækni á heilsugæslustöðvum 2008.](#))

Þegar viðtöl og vitjanir á hvern íbúa eru greind eftir aldri þeirra sem sækja þjónustuna eru þau augljóslega flest vegna yngstu barnanna og hefur þar reglubundin ung- og smábarnavernd að líkindum áhrif. Einnig eru mörg viðtöl og vitjanir á hvern íbúa í elstu aldurshópunum. Sennilegt má telja að ein skýringin á þessu hjá hjúkrunarfræðingum sé heimahjúkrun. (Sjá nánar í töflum á vefsíðunni [Notkun heilbrigðisþjónustu](#) á vef embættisins.)

Lilja Bjarklind Kjartansdóttir

Viðtöl við lækna á hvern íbúa í heilsugæslunni árið 2008



Viðtöl og vitjanir hjúkrunarfræðinga/ljósmaðra á hvern íbúa í heilsugæslunni árið 2008

